

**Fundargerð 13. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
3. apríl 2019 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Elín Björg Gissurardóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Svavar Grétarsson, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Samdráttur á Keflavíkurflugvelli vegna flugfélagsins WOW - 1903085

Minnisblað frá bæjarstjóra og fylgigögn.

Til máls tóku: EJP, MS, HH og DB

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar harmar þá niðurstöðu að WOW air hafi hætt starfsemi. Þó svo ekki liggja fyrir hver verði bein áhrif á Suðurnesjabæ og íbúa sveitarfélagsins, þá má reikna með að þau verði nokkur. Einnig má reikna með að þessi staða muni hafa töluverð áhrif á samfélagið á Suðurnesjum og landinu öllu. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og fjölmörg þjónustufyrirtæki á flugstöðvarsvæðinu eru staðsett í Suðurnesjabæ og fjöldi íbúa hefur starfað þar. Bæjarstjórn beinir því til allra hlutaðeigandi að hugað sé að velferð og hagsmunum allra þeirra sem stöðvun starfsemi WOW air hefur áhrif á, hvort sem um er að ræða starfsfólk og fjölskyldur þeirra eða fyrirtæki.

Bæjarstjórn færir öllum þeim aðilum sem hafa brugðist við málinu þakkir fyrir þeirra störf. Sérstakar þakkir færir bæjarstjórn bæjarstjóra Suðurnesjabæjar sem hefur reglulega upplýst bæjarstjórn um framgang mála. Einnig stjórnendum og starfsfólki Suðurnesjabæjar sem hafa frá fyrsta degi brugðist við og undirbúið viðbrögð og aðgerðir sem kann að þurfa að grípa til eftir því sem mál þróast.

Bæjarstjórn lýsir ánægju með skjót viðbrögð stjórnvalda og stofnana þeirra sem frá fyrsta degi hafa verið í sambandi og samskiptum við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum. Bæjarstjórn væntir þess að stjórnvöld geri það sem í þeirra valdi stendur til að bregðast við þeim afleiðingum sem kunna að koma í ljós á næstu vikum og mánuðum.

2. Fjármál og rekstur almennt - 1903030

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað frá fjármálastjóra um kjör innlána. Bæjarráð samþykkti að fara þær leiðir sem lagðar eru fram í minnisblaði frá fjármálastjóra.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lögð fram tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2019 vegna þekkingarseturs Suðurnesja. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta viðaukann.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:
Samþykkt samhljóða að staðfesta viðaukann.

4. Gjaldskrá Suðurnesjabæjar 2019 - 1812098

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna frístundastyrkja. Bæjarráð samþykkti að aldursmörk frístundastyrks verði samkvæmt tillögu bæjarstjóra. Samþykkt að vísa málinu til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

5. Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta - 1807110

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs um tímasetta verkefnaáætlun um uppbyggingu fræðsludeildar. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs að hefja undirbúning að ráðningu deildarstjóra fræðsluþjónustu og vinna að framgangi mála skv. minnisblaðinu, m.a. að samstarfi við Sveitarfélagið Voga.

Til máls tóku: EJP og FS

Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

6. Íþróttamiðstöðvar 2019 - 1901050

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað með tillögum um opnun sundlauga í Suðurnesjabæ. Bæjarráð samþykkti að framkvæma tillögu forstöðumanns íþróttamiðstöðva sem fram kemur í minnisblaðinu. Samþykkt að vísa málinu til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði.

Til máls tóku EJP, FS, ÓÞÓ, PSG, DB og SG

Afgreiðsla:
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með átta atkvæðum. Fulltrúi B-lista situr hjá.

7. Íþróttamiðstöð Sandgerðis, tillaga að breytingum á húsnæði - 1902087

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað um breytingar á íþróttamiðstöðinni í Sandgerði. Bæjarráð telur rétt að hönnun og undirbúningur breytinganna fari fram á árinu 2019 en afstaða til framkvæmdanna verði tekin við vinnslu fjárhagsáætlunar 2020.

Til máls tóku: EJP, ÓÞÓ og FS

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

8. Fjölskyldusvið - þjónustuver - 1901115

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 var lagt fram minnisblað með tillögum frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Bæjarráð samþykkti að ráða tímabundið í 65% stöðu þjónustufulltrúa á fjölskyldusviði í eitt ár. Bæjarstjóra falið að leggja fram viðauka fyrir bæjarráð.

Til máls tóku: EJP og DB.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

9. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

Á 20. fundi bæjarráðs dags. 27. mars 2019 voru lögð fram drög að reglum um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að reglum.

Til máls tóku: EJP, PSG, MS og ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta tillögu að reglum um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda.

10. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

Á 19. fundi bæjarráðs dags. 13. mars 2019 var fjallað um erindi frá Útskálasókn með ósk um styrk til greiðslu fasteignagjalda. Bæjarráð samþykkti erindið með vísan í samþykkt bæjarráðs vegna sambærilegra erinda á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

11. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039

Á 19. fundi bæjarráðs þann 13. mars 2019 var fjallað um samstarfssamning við Golfklúbb Sandgerðis. Bæjarráð tók undir tillögur íþróttta- og tómstundaráðs um breytingar á samningi við Golfklúbb Sandgerðis og frístunda- og forvarnarfulltrúa falið að fullklára samninginn. Samningum vísað með áðurnefndum breytingum til bæjarstjórnar til staðfestingar. Fyrir bæjarstjórn liggja einnig drög að samstarfssamningum við Íþróttafélagið Nes, Knattspyrnufélagið Reynir og Knattspyrnufélagið Viðir.

Til máls tóku: EJP og FS

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta samstarfssamninga við félagasamtökin. Bæjarstjóra falið að undirrita samningana.

12. Blái herinn: hreinsun - 1806193

Á 20. fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 voru lögð fram drög að samningi við Bláa herinn. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn með

áorðnum breytingum enda er gert ráð fyrir kostnaði við hann í fjárhagsáætlun ársins.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

13. Bæjarráð - 19 - 1903004F

Fundur dags. 13.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

13.1 1903030 - Fjármál og rekstur almennt

Afgreiðsla:

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með þá vinnu við fjármálastýringu sem er í gangi. Bæjarstjóra og fjármálastjóra er falið að móta minnisblað um ávöxtunarleiðir sem lagt verður fyrir næsta fund bæjarráðs.

13.2 1903015 - Tillaga til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum

Afgreiðsla:

Sviðsstjóra falið að skrifa umsögn um tillöguna og skila fyrir 19. mars n.k.

13.3 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda

Afgreiðsla:

Erindi samþykkt með vísan í samþykkt bæjarráðs vegna sambærilegra erinda á 18. fundi ráðsins 27.02.2019.

13.4 1901039 - Samstarfssamningar félagasamtök

Afgreiðsla:

Bæjarráð tekur undir tillögur íprótta- og tómstundaráðs um breytingar á samningi við Gólfklúbb Sandgerðis og íprótta og tómstundafulltrúa falið að fullklára samninginn. Samningum vísað með áður nefndum breytingum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13.5 1901050 - Ípróttamiðstöðvar 2019

Afgreiðsla:

Bæjarráð óskar eftir kostnaðargreiningu vegna samræmingar í opnunartíma ípróttamiðstöðva og að minnisblað þess efnis verði lagt fyrir næsta fund bæjarráðs.

13.6 1809074 - Sameining staða verkefna

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

13.7 1903032 - Málþing og ráðstefnur

Afgreiðsla:

Lagt fram.

14. Bæjarráð - 20 - 1903015F

Fundur dags. 27.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

14.1 1807110 - Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs að hefja undirbúning að ráðningu deildarstjóra fræðsluþjónustu og vinna að framgangi mála skv. minnisblaðinu, m.a. að samstarfi við Sveitarfélagið Voga.

14.2 1901013 - Leikskólamálaráðgjafi

Afgreiðsla:

Minnisblaðið og tillögurnar lagðar fram og ræddar. Afgreiðslu málsins frestað.

14.3 1901115 - Fjölskyldusvið - þjónustuver

Afgreiðsla:

Samþykkt að ráða tímabundið í 65% stöðu þjónustufulltrúa á fjölskyldusviði í eitt ár. Bæjarstjóra falið að leggja fram viðauka fyrir bæjarráð.

14.4 1902087 - Íþróttamiðstöð Sandgerðis, tillaga að breytingum á húsnæði

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur rétt að hönnun og undirbúningur breytinganna fari fram á árinu 2019 en afstaða til framkvæmdanna verði tekin við vinnslu fjárhagsáætlunar 2020.

Samþykkt að vísa málinu til úrvinnslu hjá skipulags- og umhverfissviði og til kynningar hjá Íþrótt- og tómstundaráði.

14.5 1901050 - Íþróttamiðstöðvar 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að framkvæma tillögu forstöðumanns íþróttamiðstöðva sem fram kemur í minnisblaðinu. Samþykkt að vísa málinu til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði.

14.6 1812098 - Gjaldskrá Suðurnesjabæjar 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að aldursmörk vegna frístundastyrks verði samkvæmt tillögu bæjarstjóra. Málinu vísað til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði.

14.7 1903077 - Ársreikningur 2018

Afgreiðsla:

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vera í sambandi við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti um afgreiðslu og skil á ársreikningi 2018.

- 14.8 1902024 - Hjallastefnan - uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs
Afgreiðsla:
Bæjarráð samþykkir samhljóða að fela fjármálastjóra að kalla eftir frekari upplýsingum varðandi málið áður en afstaða verður tekin.
- 14.9 1903030 - Fjármál og rekstur almennt
Afgreiðsla:
Bæjarráð samþykkir að fara þær leiðir sem lagðar eru fram í minnisblaði frá fjármálastjóra.
- 14.10 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar
Afgreiðsla:
Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta viðaukann.
- 14.11 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda
Afgreiðsla:
Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að reglum.
- 14.12 1903060 - Jöfnunarsjóður - skert framlag
Afgreiðsla:
Bæjarráð Suðurnesjabæjar vísar til bókunar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15. mars 2019 um málið og tekur undir hana. Bæjarráð gagnrýnir harðlega þau vinnubrögð sem ríkið viðhefur í þessu máli og allt of oft gagnvart sveitarfélögum varðandi fjárhagsleg samskipti þessara tveggja stórnsýslustiga. Bæjarráð hvetur til eðlilegs samráðs og viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál sem og öll önnur sem varða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
Samþykkt að fela bæjarstjóra að eiga viðræður við ráðuneyti og Jöfnunarsjóð varðandi framlög til Suðurnesjabæjar vegna sameiningar sveitarfélaganna.
- 14.13 1903062 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga- fjárfesting og eftirlit með framvindu 2019
Afgreiðsla:
Lagt fram til kynningar.
- 14.14 1806193 - Blái herinn: hreinsun
Afgreiðsla:
Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn með áorðnum breytingum enda er gert ráð fyrir kostnaði við hann í fjárhagsáætlun ársins.
- 14.15 1806174 - Heiðarland norður
Afgreiðsla:
Minnisblaðið lagt fram en afgreiðslu málsins frestað. Málinu vísað til framkvæmda- og skipulagsráðs til kynningar.
- 14.16 1903072 - Landamál - Sandgerðisjörð, eignarhald

Afgreiðsla:
Minnisblaðið lagt fram en afgreiðslu málsins frestað. Málinu vísað til framkvæmda- og skipulagsráðs til kynningar.

14.17 1902075 - Lög og reglugerðir til umsagnar

Afgreiðsla:
Lagt fram til kynningar.

14.18 1903049 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga - fundarboð

Afgreiðsla:
Fundarboð lagt fram og samþykkt að bæjarstjóri fari með umboð Suðurnesjabæjar á aðalfundinum.

14.19 1903078 - Fundarboð sambandsfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

14.20 1903063 - Taramarhluthafafundur 2019

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

14.21 1903050 - Landsskipulagsstefna

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

15. Íþrótt- og tómstundaráð - 5 - 1903003F

Fundur dags. 07.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

15.1 1901039 - Samstarfssamningar við félagasamtök

Afgreiðsla: ÍT lýst vel á drög að samstarfssamningunum og styður óskir Golfklúbbsins um aukið starfsgildi. ÍT vill einnig að skoðað sé eignarhald og viðhald á húsnæði Aðalstjórnar Reynis og hvort það eigi heima í samning við Knattspyrnudeild Reynis.

15.2 1901050 - Íþróttamiðstöðvar: tillaga að breytingu á opnunartíma.

Afgreiðsla: ÍT leggjum til við bæjarstjórn að opnunartími Íþróttamiðstöðva sveitarfélagsins verði samræmdur milli byggðakjarna og sé sem mestur til að veita góða þjónustu til íbúa. ÍT leggur til að opnunartími verði eins og hann er nú auglýstur í Íþróttamiðstöð Garðs.

15.3 1901049 - Styrkir almennt - 2019

Afgreiðsla: ÍT styður það að Taekwondo deild Keflavíkur fái sambærilegan styrk og áður. Með samstarfinu skuldbindi Taekwondo deild keflavíkur til að kynna starfsemi sína fyrir íbúum Suðurnesjabæjar.

15.4 1903002 - Niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

15.5 1901070 - Íþróttamannvirki í Suðurnesjabæ

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

15.6 1902059 - Golfklúbbur Sandgerðis ársreikningur 2018

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

15.7 1901054 - Knattspyrnufélagið Reynir, ársreikningur 2018

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

16. Framkvæmda- og skipulagsráð - 9 - 1903012F

Fundur dags. 19.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

16.1 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun

Drög að samkeppnislýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags lögð fram til umfjöllunar. Formanni ráðsins og skipulagsfulltrúa falið að vinna drögin áfram með ráðgjöfum í samræmi við umræður á fundinum og kynna ráðinu tillögu að því loknu.

16.2 1903028 - Nátthagi 13 - umsókn um lóð

Samþykkt

16.3 1903027 - Skálareykjavegur 12 - stækkun lóðar

Ráðið tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að afla frekari gagna.

17. Fræðsluráð - 6 - 1903009F

Fundur dags. 19.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

17.1 1810043 - Skólastjóri Tónlistarskólans í Garði

Eypór fór yfir starfið það sem af er vetrar.

Starfið hefur gengið mjög vel. Töluverða samvinna hefur verið milli

tónlistarskólanna í sveitarfélaginu. Skólinn tók þátt í Nótunni -

uppskeruhátíð tónlistarskóla ásamt Tónlistarskóla Sandgerðis.

Starfsmenn skólans tóku þátt í "Tónsuð" sem er samráðs- og fræðslufundur fyrir tónlistarskóla á Suðurnesjum.

Framundan er námsmat í skólanum. Skólinn mun taka þátt í sólseturshátíð.

Skólastjóri hefur hafið undirbúning að því að fagna afmæli skólans sem verður 40 ára 12. september 2019.

Skóladagatal er í vinnslu og verður tilbúið í maí.

Fræðsluráð þakkar Eypóri I. Kolbeins fyrir upplýsingar um starf

Tónlistarskólans í Garði.

17.2 1810044 - Skólastjóri Tónlistarskóla Sandgerðis

Halldór fór yfir starfið í skólanum.

Mikill kraftur hefur verið í starfinu.

Biðlistar hafa myndast eftir inngöngu í skólann. Skólastjóri ræddi um þörf

fyrir aukningu stöðugilda til að bregðast við þessu. Bent var á að slíkt kallar á erindi til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Vaxandi samvinna hefur verið milli tónlistarskólanna í sveitarfélaginu. Skólinn tók nú fyrsta sinn þátt í Nótunni - uppskeruhátíð tónlistarskóla ásamt Tónlistarskólanum í Garði sem hefur verið með þar frá byrjun. Starfsmenn skólans tóku einnig þátt í "Tónsuð" sem er samráðs- og fræðslufundur fyrir tónlistarskóla á Suðurnesjum.

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í skólanum.

Framundan er námsmat við skólann og samspilsvika 13. 17. maí 2019.

Drög að skóladagataliog liggja fyrir og verður það tilbúið í maí.

Fræðsluráð þakkar Halldóri Lárussyni fyrir upplýsingar um starf Tónlistarskóla Sandgerðis.

17.3 1810045 - Skólastjóri Leikskólans Sólborgar

Hulda Björk fór yfir hvernig starfið hefur verið í vetur. Hefur það verið með hefðbundnum hætti. Unnið hefur verið eftir kennsluaðferðinni "Leikur að læra" og hefur starfsfólk fengið námskeið og endurmenntun í tengslum við það. Skólinn heldur áfram að standa við bakið á þeim starfsmönnum sem sækja sér viðbótarnám.

Hulda benti á mikilvægi þess að halda eignum skólans við, bæði húsnæði og lóð. Nú er að koma að eðlilegu viðhaldi á húsnæði og endurbætur á lóð geta ekki beðið lengur.

Fræðsluráð tekur undir með skólastjóra, einkum hvað varðar lóð leikskólans Sólborgar sem taka þarf í gegn sem allra fyrst.

Unnið er að gerð skóladagatals og verður það að öllum líkindum með svipuðum hætti og á yfirstandandi skólaári.

Fræðsluráð þakkar Huldu Stefánsdóttur fyrir upplýsingar um starf Leikskólans Sólborgar.

17.4 1810046 - Skólastjóri Leikskólans Gefnarborgar

Ingibjörg fór yfir áherslur og markmið starfsins í Gefnarborg. Unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, sköpun og sjálfbærni. Unnið er með "Orðaspjall". Skólinn er "Grænfánaskóli og fékk staðfestingu á því í sjötta sinn í dag. Ingibjörg sagði frá verkefninu "Töfraborg" sem snerist um þróun útisvæðis skólans í mikilli samvinnu barna, foreldra og starfsfólks. Verkefnið var unnið síðastliðið vor og hefur vakið mikil ánægju í heimabyggð og athygli utan bæjar. Gefnarborg er heilsueflandi leikskóli.

Skóladagatal fyrir Gefnarborg er í vinnslu.

Fræðsluráð þakkar Ingibjörgu Jónsdóttur fyrir upplýsingar um starf leikskólans Gefnarborgar.

17.5 1809066 - Skólastjóri Gerðaskóla

Eva Björk fór yfir nemendafjölda og mönnun í Gerðaskóla. Hún fór yfir helstu áherslur í starfinu í vetur og starfið framundan. Eva Björk fór yfir ánægjulegar niðurstöður úr Skólapúlseinum og samræmdum prófum. Hún lagði áherslu á nauðsyn á stækkun skólans vegna fjölgunar nemenda á næsta skólaári. Einnig þærf að ljúka framkvæmdum á skólalóð með áherslu á bættu aðkomu að skólanum og fullnægjandi aðstöðu fyrir bíastæði við skólann.

Vegna fjölgunar nemenda er fyrirsjáanleg þörf á fjölgun verkefna- eða deildarstjóra.

Eva Björk lagði fram skóladagatal Gerðaskóla fyrir skólaárið 2019-2020 og var það samþykkt af fræðsluráði.

Fræðsluráð þakkar Evu Björk Sveinsdóttur fyrir upplýsingar um starf Gerðaskóla.

17.6 1809086 - Skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði

Hólmfríður Árnadóttir lagði fram sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2018 þar sem ekki hefur gefist tækifæri til þess á fundi fræðsluráðs fyrr en nú. Hún fór yfir styrkleika og tækifæri til úrbóta samkvæmt sjálfsmatsskýrslunni. Þá fór Hólmfríður yfir afar ánægjulegar niðurstöður Skólapúlsins. Framundan er námsferð starfsfólks til Edinborgar á vegum KVAN- hópsins í skólaheimsóknir til vináttuskóla. Heimsóknin sem fram fer í otóber n.k. er í tengslum við vinnu skólan að "Uppeldi til ábyrgðar". Sandgerðisskóli hefur á þessu skólaári starfað í 80 ár og af því tilefni verður efnt til vorsýningar í skólanum. Skólastjóri lagði fram skóladagatal Sandgerðisskóla fyrir skólaárið 2019-2020 og var það samþykkt samhljóða af fræðsluráði. Fræðsluráð þakkar Hólmfríði Árnadóttur fyrir upplýsingar um starf Sandgerðisskóla.

18. Ferða-, safna- og menningarráð - 6 - 1901005F

Fundur 26.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

18.1 1810021 - Eyrarrósinn - Verðlaunaafhending

Afgreiðsla:

Ráðið lýsir ánægju sinni með vel heppnaðan viðburð og óskar nýjum verðlaunahöfum til hamingju með Eyrarrósina. Einnig vill ráðið koma þökkum til þeirra starfsmanna sem sáu um undirbúning viðburðarins og þá sérstaklega Eyþóri Kolbeinssyni skólastjóra tónlistarskólans í Garði og Guðjóni Kristjánssyni.

18.2 1810021 - Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð

Afgreiðsla:

Ráðið óskar eftir því að fá samning við Ferska vinda til kynningar.

18.3 1901036 - Safnahelgi á Suðurnesjum

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Ráðið lýsir ánægju sinni með Safnahelgi á Suðurnesjum og vaxandi þátttöku bæði safna og almennings.

18.4 1811072 - Sameiginleg menningarstefna sveitarfélagana á Suðurnesjum

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

18.5 1807079 - Ferða- safna- og menningarráð: starfsáætlun 2018-2022

Afgreiðsla:

Stefnt er að því að halda íbúafund 16. maí um bæjarhátíðir og viðburði í Suðurnesjabæ.

18.6 1902082 - Sólseturshátíð 2019

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar. Ráðið óskar eftir því að fulltrúar Víðis komi á fund ráðsins og kynni dagskrá hátíðarinnar.

18.7 1903076 - Sandgerðisdagar 2019

Afgreiðsla:

Tveir aðilar hafa lýst áhuga á að halda utan um Sandgerðisdaga. Ráðið leggur til að báðir aðilar verði boðaðir á fund ráðsins og kynni hugmyndir sínar áður en ákvörðun er tekin.

19. Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga - 1 - 1903011F

Fundur dags. 14.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

19.1 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga

Kynning á Öldungaráði lögð fram á fyrsta fundi.

20. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109

869. fundur stjórnar dags. 15.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

21. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057

742. fundur stjórnar dags. 18.03.2019.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

22. Reykjanes jarðvangur fundargerðir 2019 - 1902041

50. fundur stjórnar dags. 08.03.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

23. Heklan fundargerðir 2019 - 1902058

71. fundur dags. 15.03.2019.

Til máls tóku: EJP, PSG og ÓÞÓ

Afgreiðsla:

13. fundur Bæjarstjórnar
04.04.2019

Fundargerð lögð fram.

24. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1901063

501. fundur stjórnar dags. 20.03.2019.

Til máls tóku: EJP, HH og LE

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

Fundi slitið kl. 19:10.

Einar Jón Pálsson

Elín Björg Gissurardóttir

Haraldur Helgason

Ólafur Þór Ólafsson

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Svavar Grétarsson

Pálmi Steinar Guðmundsson

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson
